

75

21. nóvbr.

AUGLÝSING

um

viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 um innflutningsbann.

Með því að kín- og klaufaveiki hefir gosið upp að nýju í Danmörku og Svíþjóð, er auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru upp í auglýsingu 10. desember 1926, hjermeð samkvæmt lögum nr. 22, 15. júní 1926 um innflutningsbann á dýrum o. fl., bannað fyrst um sinn að flytja til landsins frá þessum löndum smjör, osta, egg, þuregg, hverskonar fódurvörur frá mjólkurbúum, tuskur allskonar, ull, brúkaðan fatnað, fiður, fjaðrir og dún. Ennfremur er bannað að flytja til landsins frá sömu löndum strá-ábreiður, körfur úr strái, dýrahár og vörur úr því, svo sem burstavörur allskonar, pensla, kústa og hrosshársborða, nema vörurnar hafi verið sótthreinsaðar undir opinberu eftirliti áður en þær voru fluttar á skip og vottorð um það fylgi farmskrá skipsins eða farmskírteini yfir vörurnar.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóv. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

76

23. nóvbr.

REGLUGJÖRÐ

um

sorphreinsun á Akureyri.

1. gr.

Frá 1. febrúar 1928 sjer bæjarstjórnin um alla sorphreinsun á kaupstaðarlóðinni og lætur framkvæma hana á kostnað bæjarsjóðs. Sorpið sje tekið frá húsunum tvisvar í viku.